

11. apríl 2016 kl: 19:30



Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Ásrún Hersteinsdóttir og Lilja Gísladóttir. Fjarverandi: Berglind Bergvinsdóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. Aðalfundur 11.maí n.k. frá kl.19:30-20:00. Gunnlaugur (Gulli) Guðmundsson kemur á fundinn og verður með erindi um foreldrarölt, hann kemur hugsanlega inn á starf Rósenborgar. Höfum heyrt að í öllum grunnskólum bæjarins mæta skólastjóri og/eða aðstoðarskólastjóri á aðalfund, við sendum stjórnendum Giljaskóla fundarboð. Samtaka gerir sér auglýsingu varðandi Gulla og mætir með honum á alla aðalfundi skólanna í bænum. Varðandi auglýsingu um aðalfund, ætlum við að óska eftir einum aðila fyrir hvern nemenda.
2. Samtaka tekur vel í að láta reyna á foreldraröltið, útvegar vesti fyrir þá foreldra sem taka þátt. Umræða um málið verður á aðalfundinum.
3. Hjóladagur, stefnum á sun. 22.maí n.k. frá kl. 12:00-14:00. Elli heyrir í Dr.Bike um að koma á svæðið, setja upp þrautabrautir og vera með „Pit stop“, stað til að yfirfara hjólin fyrir krakkana. Elli skoðar með að fá fleiri með í þetta, t.d. lið frá Hjólreiðafélagi Akureyrar og eins kom hugmynd um að heyra í einhverri/einhverjum til að taka stuttan hjólatúr um hverfið í lokin. Tillaga kom að 10.bekkur myndi sjá um vöflubakstur og fá fyrir það 30 þ. Ef þau eru ekki til, getum við boðið 9.bekk verkefnið og þá fá þau 30 þ. í sinn sjóð. Veitingar t.d. vöflur og drykkir verða í boði foreldrafélagsins.
4. Lilja sendir skilaboð á bekkjarfulltrúana á tölvupósti og í gegnum Facebook síðuna. Óskar eftir stöðunni og upplýsir stjórnina í framhaldinu.
5. Elli græjar 10 fótbolta og kemur þeim upp í Giljaskóla fyrir nemendur að nota í frímó.
6. Foreldrafélagið gaf skólanum 100 þús. til að kaupa bækur og spil á bókasafnið.

Næsti fundur er aðalfundurinn 11.maí kl. 19:30

Fundi slitið kl.20:00

Fundarritari: Lilja Gísladóttir

1.